

**From:** Halli Björnsson [halli.bjornsson@lockwoodpublishing.com]  
**Sent:** 7. maí 2012 10:22  
**To:** Nefndasvið umsagnir  
**Subject:** Rammaáætlun

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/2063*  
*komudagur 7.S. 2012*

Ég, Haraldur Þór Björnsson, kt 1705673159 er alfarið á móti því að jarðhitasvæðið við Sveifluháls í Reykjanesfólkvangi sé sett í nýtingarflokk í Rammaáætlun. Svæði sem þessi eiga að njóta verndar okkar fyrir komandi kynslóðir að njóta og eiga þessvegna frekar heima í verndarflokk.

Það er innileg ósk mín að íslensk stjórnvöld og Íslendingar almennt snúi sér frá þeirri sýn til framtíðar sem felur í sér eyðileggingu íslenskrar náttúru og landslags í þágu skammtíma ávinnings. Sá auður sem felst í að lifa í nánd við ósnert landslag og náttúru er ómetanlegur og eitthvað sem önnur lönd í hinum vestræna heimi og annarssaðar hafa glatað. Börnin mín þurfa á þinni hjálp að halda við að varðveita þessi verðmæti til framtíðar.

Er varðar efnahagslegan ávinning þá er umhverfið uppspretta bæði tekna af ferðamönnum sem og lífsgæði og hlunnindi sem Íslendingar eiga að varðveita til allrar framtíðar. Í hvert skipti sem við göngum á þessi verðmæti er skaðinn í raun óendanlegur.

Skaðinn í kringum höfuðborgarsvæðið sem hefur verið unninn á undanförunum 20 árum er gríðarlegur. Hellsisheiðin er sundurskorin og mikill skaði er einnig af maiarnámum víðsvegar. Það er enginn að gæta að þessu og ekkert pian í gangi sem tekur mið af hvernig umhverfið væri ef haldið væri eins áfram næstu hundrað árin.

Íslendingar hafa einnig aðrar tekjur af umhverfinu en ferðamönnum og sem gott dæmi er ég sifellit að sjá Ísland í kvikmyndum og auglýsingum. Stærsta mynd ársins verður án efa mynd Ridley Scott, Prometheus og sýnist mér ísienskt landslag vera í stóru hlutverki þar. Við erum ekki bara að gæta landsins fyrir okkur sjálf. Okkur ber einnig skylda gagnvart öðrum.

Ég er arkitekt en ég rek tölvuleikjafyrirtæki með 65 manns í vinnu. Framtíðin er fólgin í sköpunargáfunni sem sprettur út úr hinu ótrúlega umhverfi á Íslandi. Varðveisla umhverfisins er einnig spurning um giildi og sjálfsvirðingu íslensku þjóðarinnar. Við ættum ekki að vera að ræða um hvar á að virkja heidur hvernig er best að vernda. Þar er framtíðin.

Haraldur Þór Björnsson  
kt 1705673159